

Reykjavík, 7. nóvember 2017
R17060185
3540

Borgarráð

Hækkun þjálfunarstyrkja nema hjá Fjölsmiðjunni

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða tillögu velferðarráðs, dags. 26. október 2017, um hækkun þjálfunarstyrkja nema hjá Fjölsmiðjunni verði samþykkt. Kostnaður vegna þessarar tillögu skal færa af kostnaðarliðnum ófyrirséð, 09205.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Tillaga velferðarráðs um hækkun þjálfunarstyrkja nema hjá Fjölsmiðjunni, dags. 26. október 2017, ásamt fylgigögnum.



Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga og greinargerð velferðarráðs, dags. 26. október 2017, um hækkun þjálfunarstyrkja nema hjá Fjölsmiðjunni.

Á fundi velferðarráðs þann 26. október 2017, var lögð fram tillaga og greinargerð velferðarráðs, dags. 26. október 2017, um hækkun þjálfunarstyrkja nema hjá Fjölsmiðjunni, ásamt fylgigögnum.

Eftirfarandi er lagt til:

Nemar 16-17 ára fái greitt sem nemur 55% hlutfall launa, eða 131.635 kr. á mánuð árið 2018

Nemar 18 ára og eldri fái greitt sem nemur 75% hlutfall launa, eða 179.502 kr. á mánuði árið 2018.

Breytingar á þjálfunarstyrkjum í samræmi við ofangreinda tillögu jafngildir 51% hækkun útgjalda eða 16 m.kr. á ársgrundvelli. Óskað er eftir auknum fjárheimildum 16 m.kr. á bundinn lið fjárhagsaðstoðar árið 2018 vegna hækkunar þjálfunarstyrks.

Á fundinum var samþykkt að vísa tillögunni til borgarráðs.

Velferðarráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Velferðarráð samþykkir að vísa tillögu um hækkun þjálfunarstyrkja nema í Fjölsmiðjunni til borgarráðs. Fjölsmiðjan er vinnusetur fyrir ungt fólk sem sinnir mikilvægu hlutverki fyrir ungt fólk á krossgötum. Áhersla er á að efla hæfni á vinnumarkaði, styrkja félagslega færni og þroska námsgetu á forsendum hvers og eins. Á árinu 2016 fóru 54% nema í vinnu eða nám að lokinni veru sinni í Fjölsmiðjunni.

Þetta er hér með sent borgarráði til samþykktar.

Virðingarfyllst,


Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri

Reykjavík, 26. október 2017

VEL2017100001

318. fundur

Tillaga velferðarráðs um hækkun þjálfunarstyrkja nema hjá Fjölsmiðjunni.

Lagt er til, í samræmi við erindi frá stjórn Fjölsmiðjunnar, dags. 28. september 2017, að þjálfunarstyrkur nema verði ákvarðaður árlega sem hlutfall launa af launaflokki 115 skv. kjarasamningi Eflingar við Samband íslenskra sveitarfélaga, þannig að:

- Nemar 16-17 ára fái greitt sem nemur 55% hlutfall launa, eða 131.635 kr. á mánuði árið 2018
- Nemar 18 ára og eldri fái greitt sem nemur 75% hlutfall launa, eða 179.502 kr. á mánuði árið 2018.

Greinargerð:

Fjölsmiðjan er vinnusetur fyrir ungt fólk 16-24 ára. Þar gefst fólki tækifæri til að þjálfá sig fyrir almennan vinnumarkað eða áframhaldandi nám. Vinnutíminn er 8:30-15:00 og fyrir vinnuna er greiddur þjálfunarstyrkur.

Í grein 4.1 þjónustusamnings aðila Fjölsmiðjunnar er kveðið á um að í september ár hvert verði þjálfunarstyrkur nema ákvarðaður fyrir næsta ár af sveitarfélögum sem aðild eiga að samningnum, einnig skuli tekin sameiginleg ákvörðun um jólabónus og aðra launaliði til að gæta jafnræðis.

Hér er lagt til að við árlega endurskoðun verði tekið mið af kjarasamningi Eflingar við Samband íslenskra sveitarfélaga. Þetta verði til að einfalda ákvörðun upphæðar á milli ára á samningstíma og að þjálfunarstyrkir fylgi almennum launahækkunum. Forstöðumanni Fjölsmiðjunnar verði falið að fylgja eftir hækkunum í samræmi við samþykktar forsendur.

Núverandi þjálfunarstyrkir eru eftirfarandi:

Nemar 16-17 ára fá 83.950 kr. á mánuði. (Hækkun nemur u.þ.b. 47.600 kr. á mánuði eða 57%).

Nemar 18 ára og eldri, 121.276 kr. á mánuði. (Hækkun nemur u.þ.b. 58.200 kr. á mán. eða 48%).

Núverandi áætlun Reykjavíkurborgar vegna Fjölsmiðjunnar árið 2018 gerir ráð fyrir að þjálfunarstyrkir starfsnema verði um 31,5 m.kr. Breytingar á þjálfunarstyrkjum í samræmi við ofangreinda tillögu jafngildir 51% hækkun útgjalda eða 16 m.kr. á ársgrundvelli. Óskað er eftir auknum fjárheimildum 16 m.kr. á bundinn lið fjárhagsaðstoðar árið 2018 vegna hækkunar þjálfunarstyrks.

Fjölsmiðjan

Ársreikningur 2016

Fjölsmiðjan
Víkurbær 2
203 Kópavogi

Kt. 660601-2790

Efnisyfirlit

Áritun óháðra endurskoðenda	1
Áritun og skýrsla stjórnar	2
Rekstrarreikningur	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymi	6
Skýringar	7

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og framkvæmdastjóra Fjölsmiðjunnar

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings ársins 2016 fyrir Fjölsmiðjuna byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun og skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð endurskoðanda við gerð ársreiknings.


Við höfum notað sérþekkingu okkar á sviði reikningshalds og reikningsskila til að aðstoða fyrirtækið við að gera og leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum hlítt viðeigandi ákvæðum síðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, sem og bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum sem ársreikningurinn byggir á.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem ársreikningurinn byggir á. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 29. mars 2017

Ernst & Young ehf.



Rögnvaldur Dofri Pétursson
lögilltur endurskoðandi

Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Fjölsmiðjan er vinnusetur fyrir ungt fólk með það að markmiði að gefa því tækifæri til þess að þjálfa sig fyrir almennan vinnumarkað eða áframhaldandi nám.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var hagnaður ársins 2016 kr. 1.984.113. Hrein eign félagsins í árslok nam kr. 14.604.373. Ráðstöfun á afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningnum.

Fjölsmiðjan er sjálfseignastofnun. Stofnaðilar eru Rauði kross Íslands, sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, Vinnumálastofnun og Velferðarráðuneytið.

Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, Atvinnuleysistryggingasjóður og Menntamálaráðuneytið leggja Fjölsmiðjunni til rekstrarfé.

Stjórn Fjölsmiðjunnar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning Fjölsmiðjunnar fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Kópavogi, 29. mars 2017


Elín Oddný Sigurðardóttir, formaður

Margrét Friðriksdóttir




Gissur Péturason



Páll Guðjónsson



Fjóla Jónsdóttir

Fjóla Jónsdóttir


Hrafnhildur Tómasdóttir

Hrafnhildur Tómasdóttir

Framkvæmdastjóri:



Þorbjörn Jónsson

Rekstrarreikningur 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrartekjur			
Seld og reiknuð þjónusta	6	31.696.346	35.869.902
Framlög vegna rekstrar	7	67.618.369	66.393.900
Framlög vegna húsaleigu	8	38.564.936	37.188.948
Framlög vegna nema í framhaldsskólum	9	4.000.000	50.000
Aðar tekjur	10	2.326.543	7.076.621
		144.206.194	146.579.371
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3 - 11	86.758.354	83.595.728
Deildaskiptur kostnaður	12	14.191.320	16.624.326
Annar sameiginlegur kostnaður	13	41.543.211	39.735.942
Afskriftir	4	151.416	774.531
		142.644.301	140.730.527
Rekstrarhagnaður		1.561.893	5.848.844
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		737.425	351.910
Fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum		(144.519)	(70.355)
Vaxtagjöld og bankakostnaður		(170.686)	(223.425)
		422.220	58.130
Hagnaður ársins		1.984.113	5.906.974

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	2016	2015
Fastafjármunir			
Áhöld og tæki	4	2.915.499	2.801.715
Innréttingar, áhöld og tæki í eldhúsi	4	977.118	977.118
Bifreið	4	329.911	329.911
Fastafjármunir samtals		<u>4.222.528</u>	<u>4.108.744</u>
Veltufjármunir			
Birgðir		638.152	1.141.922
Viðskiptakröfur		10.441.751	10.206.443
Aðrar skammtímakröfur		1.385.259	1.249.271
Handbært fé		<u>16.794.513</u>	<u>16.649.350</u>
Veltufjármunir samtals		<u>29.259.675</u>	<u>29.246.986</u>
Eignir samtals		<u><u>33.482.203</u></u>	<u><u>33.355.730</u></u>

31. desember 2016

Eigið fé og skuldir

	<i>Skýr.</i>	2016	2015
Eigið fé			
Stofnfé	5	20.000.000	20.000.000
Ójafnað tap	5	<u>(5.395.627)</u>	<u>(7.379.740)</u>
Eigið fé samtals		<u>14.604.373</u>	<u>12.620.260</u>

Skuldir

Skammtímaskuldir

Skuld við Námsstyrkjasjóð Fjölsmiðjunnar	14	510.740	443.240
Velferðarsjóður barna, ónýttur styrkur		263.362	263.362
Viðskiptaskuldir		6.950.487	6.734.753
Aðrar skammtímaskuldir	15	<u>11.153.241</u>	<u>13.294.115</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>18.877.830</u>	<u>20.735.470</u>

		<u>33.482.203</u>	<u>33.355.730</u>
--	--	-------------------	-------------------

Sjóðstreymi 2016

Handbært fé (til) frá rekstri	Skýr.	2016	2015
Hagnaður (tap) ársins		1.984.113	5.906.974
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á hreint veltufé:			
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	4	151.416	774.531
Hreint veltufé frá (til) rekstrar		2.135.529	6.681.505
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, (hækkun) lækkun		503.770	175.665
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(371.296)	252.265
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		(1.857.640)	1.675.723
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		(1.725.166)	2.103.653
Handbært fé frá (til) rekstrar		410.363	8.785.158
Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	4	(265.200)	(350.000)
Fjárfestingarhreyfingar		(265.200)	(350.000)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		145.163	1.764.584
Handbært fé í ársbyrjun		16.649.350	14.884.766
Handbært fé í árslok		16.794.513	16.649.350

Skýringar

1. Upplýsingar um Fjölsmiðjuna

Fjölsmiðjan er sjálfseignastofnun sem er vinnusetur fyrir ungt fólk með það að markmiði að gefa því tækifæri til þess að þjálfa sig fyrir almennan vinnumarkað eða áframhaldandi nám. Lögheimili Fjölsmiðjunnar er að Víkurhvarfi 2 í Kópavogi.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stöð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili framtíðarhagnaði og hægt sé að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundradashluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði miðað við eignarhaldstíma á árinu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

Birgðir

Birgðir eru færðar á kostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Til kostnaðarverðs telst allur kostnaður við kaup, auk áfallins kostnaðar við framleiðslu. Auk þess telst til kostnaðarverðs allur kostnaður við að koma birgðunum á núverandi stað og í núverandi ástand. Með dagverði er átt við áætlað söluverð að frádregnum kostnaði við að fullgera vöru og áætluðum kostnaði við að selja hana.

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast sjóður og bankainnstæður.

Skýringar

Tekjur

Tekjur vegna sölu vöru og þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og eignarhalds flyst yfir til kaupanda.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun	73.581.142
Verkþjálfun og námsstyrkir nema	30.258.112
Launatengd gjöld	14.594.905
Endurgreidd laun nema	<u>(31.675.805)</u>
Laun og launatengd gjöld alls	<u>86.758.354</u>

Að meðaltali störfuðu 10 starfsmenn hjá Fjölsmiðjunni á árinu í 10 stöðugildum. Í árslok voru 10 starfsmenn á launaskrá hjá Fjölsmiðjunni og heilsdagsstöðugildi voru 10, jafnmörg og árið áður.

Reiknað áunnið orlof í árslok nemur kr. 6.975.850.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Áhöld tæki og Innréttingar	Innréttingar í eldhús	Bifreið	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun	13.953.906	6.514.122	1.649.557	22.117.585
Afskrifað í ársbyrjun	(11.152.191)	(5.537.004)	(1.319.646)	(18.008.841)
Viðbót á árinu	265.200	0	0	265.200
Afskrifað á árinu	(151.416)	0	0	(151.416)
Bókfært verð í árslok	<u>2.915.499</u>	<u>977.118</u>	<u>329.911</u>	<u>4.222.528</u>
Stofnverð alls í árslok	14.219.106	6.514.122	1.649.557	22.382.785
Afskrifað alls í árslok	<u>(11.303.607)</u>	<u>(5.537.004)</u>	<u>(1.319.646)</u>	<u>(18.160.257)</u>
Bókfært verð í árslok	<u>2.915.499</u>	<u>977.118</u>	<u>329.911</u>	<u>4.222.528</u>
Afskriftarhlutföll	20%	30%	15%	

5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Ójafnað tap	Samtals
Eigið fé í ársbyrjun	20.000.000	(7.379.740)	12.620.260
Afkoma ársins		1.984.113	1.984.113
Eigið fé í árslok	<u>20.000.000</u>	<u>(5.395.627)</u>	<u>14.604.373</u>

Sundurliðanir

	2016	2015
6. Seld og reiknuð þjónusta		
Bílaþvottastöð	2.718.145	2.221.774
Trésmíðadeild	2.804.591	4.425.788
Hússtjórnardeild	13.977.185	15.970.144
Tölvudeild/pökkun	5.083.723	5.339.498
Rafdeild	7.046.412	7.699.500
Handverksdeild	66.290	213.198
	<u>31.696.346</u>	<u>35.869.902</u>
7. Framlög vegna rekstrar		
Atvinnuleysistryggingasjóður	34.318.369	33.093.900
Menntamálaráðuneytið	24.000.000	24.000.000
Reykjavíkurborg	5.367.260	5.420.970
Kópavogsbær	1.462.890	1.435.920
Hafnarfjarðarbær	1.228.530	1.213.650
Garðabær	637.750	627.750
Mosfellsbær	409.200	406.410
Seltjarnarnes	194.370	195.300
	<u>67.618.369</u>	<u>66.393.900</u>
8. Framlög vegna húsaleigu		
Atvinnuleysistryggingasjóður	23.511.456	22.672.572
Reykjavíkurborg	8.688.492	8.439.420
Kópavogsbær	2.368.220	2.248.936
Hafnarfjarðarbær	1.988.080	1.904.300
Garðabær	1.030.804	987.060
Mosfellsbær	663.288	631.704
Seltjarnarnes	314.596	304.956
	<u>38.564.936</u>	<u>37.188.948</u>
9. Greiðslur vegna nema í framhaldsskólum		
Menntamálaráðuneytið	4.000.000	0
Háskóli Íslands	0	50.000
	<u>4.000.000</u>	<u>50.000</u>
10. Aðrar tekjur		
Herbalife	1.326.543	2.576.621
Efling - stéttarfélag	500.000	500.000
Rótarýumdæmið á Íslandi	500.000	0
Vaki	0	1.000.000
VR	0	3.000.000
	<u>2.326.543</u>	<u>7.076.621</u>

Sundurliðanir

	2016	2015
11. Laun og launatengd gjöld		
Laun starfsmanna	73.408.642	70.135.735
Laun nema	30.258.112	45.854.786
Endurgreidd laun nema	(31.675.805)	(48.114.445)
Stjórnarlausn	172.500	165.000
Lífeyrissjóðsframlag	7.947.253	7.352.435
Áfallið orlof	(833.753)	953.223
Önnur launatengd gjöld	7.461.405	7.248.994
Námskeið og ráðstefnur starfsmanna	20.000	0
	<u>86.758.354</u>	<u>83.595.728</u>
12. Deildaskiptur kostnaður		
Bílaþvottastöð		
Efni	821.931	614.868
Áhöld og tæki	391.963	162.996
Hreinlætisvörur	12.939	9.687
	<u>1.226.833</u>	<u>787.551</u>
Trésmíðadeild		
Efni	848.509	1.163.900
Áhöld og tæki	184.731	119.908
Hreinlætisvörur	12.939	9.687
	<u>1.046.179</u>	<u>1.293.495</u>
Hússtjórnardeild		
Efni	10.066.508	12.702.288
Áhöld og tæki	415.402	688.661
Hreinlætisvörur	46.756	63.120
Vinnufatnaður	43.236	43.046
	<u>10.571.902</u>	<u>13.497.115</u>
Tölvudeild		
Efni	716.132	692.370
Áhöld og tæki	10.055	9.744
Hreinlætisvörur	1.868	2.826
	<u>728.055</u>	<u>704.940</u>
Rafdeild		
Efni	113.073	64.375
Áhöld og tæki	75.054	39.193
Hreinlætisvörur	1.868	2.824
	<u>189.995</u>	<u>106.392</u>
Tónlistardeild		
Áhöld og tæki	0	5.952
	<u>0</u>	<u>5.952</u>

Sundurliðanir

	2016	2015
Handverksdeild		
Efni	425.254	219.194
Hreinlætisvörur	3.102	9.687
	<u>428.356</u>	<u>228.881</u>
13. Annar sameiginlegur kostnaður		
Húsaleiga	30.179.196	29.676.633
Rafmagn og hiti	1.225.310	1.061.033
Viðhald og viðhaldsvörur	615.976	100.251
Hússjóður	1.672.440	420.000
Heilbrigðiseftirlit	16.500	16.200
Öryggisgæsla	125.556	104.023
Gámaleiga og sorphirða	163.088	317.019
Reiknaður matarkostnaður nema	2.052.316	3.047.591
Reikningsleg aðstoð	368.900	372.000
Kostnaðareftirlit og hlutaársuppgjör	196.900	46.250
Lögfræðiþjónusta	0	119.040
Gjaldfærð áhöld og tæki	237.669	326.392
Rekstur tölvukerfis	213.562	294.697
Sími og internet	936.190	882.728
Burðargjöld	80.336	96.580
Ritföng, prentun og pappír	129.616	88.603
Vátryggingar	704.616	293.773
Auglýsingar	0	122.199
Gjafir og styrkir	273.750	211.059
Rísna	122.200	77.799
Þjónustugjöld og bankakostnaður	64.533	48.144
Rekstur bifreiða	771.471	664.231
Rekstrarleiga bíls	835.746	867.543
Rekstur lyftara, kerru og loftpressu	235.429	42.122
Félagsgjöld	41.500	20.000
Sjúkrakassar, lyf og læknisástoð	18.912	16.506
Ráðstefnur	39.257	45.900
Félagslíf nemenda	121.868	248.019
Fræðsla og sjálfstyrking nema	98.725	109.607
	<u>41.543.211</u>	<u>39.735.942</u>

Sundurliðanir

	2016	2015
14. Skuld við Námsstyrkjasjóð Fjölsmiðjunnar		
Flutt frá fyrra ári	443.240	368.240
Gjafir í Námsstyrkjasjóð, stjórnarlaun	67.500	75.000
	<u>510.740</u>	<u>443.240</u>
15. Aðrar skammtímaskuldir		
Ógreitt áfallið orlof	6.975.850	7.809.603
Ógreidd laun nema	1.235.888	2.041.286
Ógreidd staðgreiðsla	1.352.464	1.626.734
Ógreitt tryggingagjald	435.269	522.129
Ógreiddur líffeyrissjóður	1.007.107	1.112.286
Ógreidd stéttarfélagsgjöld	146.663	182.077
	<u>11.153.241</u>	<u>13.294.115</u>



Ársskýrsla Fjölsmiðjunnar 2016

Fjölsmiðjan er sjálfseignarstofnun. Stofnaðilar eru Rauði kross Íslands, sveitafélögin á höfuðborgarsvæðinu, Vinnumálastofnun og Velferðarráðuneyti.

Menntamálaráðuneyti leggur til rekstrarfé.

Stjórn

Margrét Friðriksdóttir, formaður Menntamálaráðuneyti

Fjóla Jónsdóttir, Efling

Heiða Björg Hilmisdóttir, Reykjavíkurborg

Gissur Pétursson, Velferðarráðuneyti

Hrafnhildur Tómasdóttir, Vinnumálastofnun

Páll Guðjónsson, SSH

Samkvæmt skipulagsskrá Fjölsmiðjunnar fundar stjórn reglulega. Árið 2016 voru haldnir 4 fundir. Á fundum stjórnar eru tekin fyrir mál er viðkoma starfseminni, bæði fjárhagslega og skipulagsleg. Stjórnin samþykkir ársreikninga.

Starfsemin:

Fjölsmiðjan gekk sinn gang á árinu, næg verkefni og vinnustaðurinn gekk ágætlega. Nenum fækkaði nokkuð og voru mun færri á árinu en verið hefur. Eflaust eru margar skýringar á þessari fækkun en þó eru atriði sem leiða má hugann að. Laun nema hækkuðu lítillega árið 2015 en ekkert gerðist í launamálum árið 2016 og laun þeirra mun lægri er greidd eru í vinnuskólum sveitafélaganna. Einingakerfið sem hefur verið í umræðunni undanfarin ár er enn ekki komið í gagnið og engin svör þar.

Fjölsmiðjan er valkostur í menntagátt Menntamálaráðuneytisins eftir 10. bekk grunnskóla, en þeir sem velja Fjölsmiðjuna fá engar einingar hér. Valgeir Skagfjörð heldur utan um kennslu, bæði einstaklinga sem ekki hafa komist inn í framhaldsskóla og íslenskukennslu einstaklinga af erlendu bergi brotna.

Á vormánuðum fóru 4 nemar Fjölsmiðjunnar ásamt Valgeir og Eyrúnu, tómsfundafulltrúa til Danmerkur með styrk frá Erasmus+ - sjá nánar í samantekt Valgeirs.

Fjármál og rekstur Fjölsmiðjunnar hefur alltaf verið stór hluti af daglegu starfi og krafan um tekjuöflun mikilvægur þáttur í starfinu. Það er styrkur Fjölsmiðjuna að afla tekna, vinnan verður sýnilega einhvers virði og nemarnir sjá að þeir skipta máli á vinnustaðnum. Þó þarf að gæta þess að krafan um tekjur stjórnar starfinu ekki um of og svigrúm verði til að sinna þörfum hvers einstaklings.

Fjölsmiðjan tók við nenum til reynslu eins og undanfarin ár. Þannig er hægt að meta hæfni og starfsgetu einstaklingsins. Árið 2016 voru þetta nokkur margir nemar og þeim gekk misjafnlega. Margir þessara einstaklinga hafa átt við andleg og félagsleg vandamál að stríða í langan tíma. Kvíði, þunglyndi og vanvirkni er mun meira áberandi en á fyrstu árum Fjölsmiðjunnar. Að komast upp úr kvíða og þunglyndi getur tekið langan tíma og þarf mikla þolinmæði. Dæmi eru um að nemar í þessari stöðu gefist upp en komi síðan aftur eftir einhvern tíma. Lífið er langhlaup á þessum stað og það skiptir miklu máli að sýna skilning. Þegar vel gengur vinnast sigrar.

Fjölsmiðjan er þátttakandi í MST (multi systemic therapy) sem er verkefni á vegum Barnaverndarstofu. Þetta er heildræn meðferð þar sem meðferðaraðilar, fjölskylda, vinnuveitandi og skóli koma að málum einstaklingsins.

Fjölsmiðjan hafði næg verkefni allt árið og fyrir kom að trésmíðadeildin létti undir bæði þökkun og rafdeild. Um mitt ár létu Eyrún Haraldsdóttir, tómsundafræðingur og Hjördís Pálmarsdóttir deildarstjóri handverksdeildar af störfum. Þar sem nemun hafði fækkað var ákveðið að ráða ekki í stað þeirra alveg strax og handverksdeildinni var því lokað tímabundið. Vonir stóðu til að opna deildina fyrir í byrjum vetrar en ekki varð af því. Deildin var því lokað hálf t. árið.

Bíladeildin hélt sínu og fyrirtækjum í föstum viðskiptum fjölgaði.

Trésmíðadeildin vann verkefni fyrir Norðul en mikið dró úr brettavinnslu sem undanfarin ár hafði verið mikil. Ýmist smærri verk féllu til.

Veitingadeildin gekk vel, aðsókn í hádegi mjög góð.

Tölvudeild og þökkun höfðu næg og fjölbreytt verkefni allt árið. Þegar leið á haustið voru verkefni rafdeildar orðin svo fyrirferðarmikil að ákeðið var að flytja þökkunina upp á skrifstofu svo tölvudeildin gæti unnið meira með rafdeildinni. Sett var upp aðstoða að skrifstofunni þar sem tómsundafulltrúi hafði áður verið og öll þökkun unnin undir stjórn starfsmanns skrifstofu.

Handverksdeildinni var lokað um sumarfrí.

Rafdeildin var aftur komin í „góðærið“ tölvur til niðurrifs og raftæki til að yfirfara streymdu inn í deildina. Eftir sumarfrí þurftu bæði bíladeild og trésmíðadeildin að aðstoða deildina við að komast í gegnum tölvufjallið sem beið eftir sumarleyfi.

Starfsmannamál:

Eyrún Haraldsdóttir, tómsundafræðingur og Hjördís Pálmarsdóttir, deildarstjóri handverksdeildar létu af störfum eftir sumarleyfi að eigin ósk. Þegar starfsemin hófst að nýju að loknu sumarleyfi voru mjög fáir n. mar í Fjölsmiðjunni og því var ákveðið að ráða ekki í þessar stöður að svo stöddu. Handverksdeildinni var lokað tímabundið og n. mar þaðan fluttir á aðrar deildir. Vonir stóðu til að opna deildina aftur sem fyrst en það varð ekki af því á árinu.

Starfsemi deilda:

Bíladeild:

Bíladeildin hefur nokkur traust fyrirtæki í viðskiptum, auk þjónustu við einstaklinga. Þar er starfið í nokkuð föstum skorðum, reglur við móttöku og skil á bílum. Mikið lagt upp úr að vanda vinnubrögð. Deildin tók þátt í tölvurífum að loknu sumarleyfi í samstarfi við rafdeild sem gat ekki annað öllum sínum verkefnum án aðstoðar.

Umsjónarmaður er Halldór Halldórsson

Trésmiðadeild:

Brettavinnslan gekk fram á vormánuði, verkefni fyrir Norðurál koma reglulega og ýmis verkefni falla til. Deildin sér einnig um allt viðhald fyrir Fjölsmiðjuna, bæði hvað varðar húsnæði og innanstokksmuni.

Deildin tekur þátt í mörgum átaksverkum sem þarf að vinna, svo sem að merkja orkudrykki og rífa tölvur þegar þörf er, auk þess sem umsjónarmaður deildarinnar sér um alla prentun og kortagerð.

Umsjónarmaður er Guðmundur Hrafnkelsson

Veitingadeild

Nafni hússtjórnardeildar var breytt í veitingadeild, í takt við starfsemi deildarinnar. Mikil aðsókn er í mötuneytið, enda fjölbreyttur og góður matur í boði.

Veitingadeildin kom með ýmsar nýjungar, slegið var upp Þorrablóti í einu hádegi á Þorra.

Hrekkjavökumáltíð var að íslenskum sið á allra heilagra messu. Þar var fram borinn skuggalegur íslenskur matur og ísgerð með köfnunarefni sem rauk upp úr allt hádegið. Valgeir Skagfjörð hafði umsjón með skreytingum í matsalnum og setti upp glærusýningu með fróðleik um Veturnætur. Valgeir hélt upp kveðskap og trommuspili

Í desember var svo skötuveisla.

Matargestir, nemar og starfsmenn höfðu gaman af.

Menntamálastofnun er áfram í viðskiptum, auk nokkurra minni fyrirtækja sem kaupa mat flesta daga. Einnig eru seld matarkort sem tölvudeildin útbýr og þá er einnig hægt að kaupa staka máltíð. Nokkuð var rætt um að nemar á matvælasviði MK kæmu í starfsþjálfun í Fjölsmiðjuna en ekkert varð úr því.

Deildin útbýr veitingar fyrir fundi sé þess óskað.

Umsjónarmaður er Valdimar Fjörnir Heiðarsson

Tölvudeild og pökkun:

Pökkun, samanbrot og merkingar eru stöðug verkefni allt árið, Sólarfilma, Marel og Tulipop eru reglulega með verkefni og deildin setur saman skartgripni eftir forskrift hönnuðar. Deildin hefur merkt orkudrykki fyrir Ásbjörn Ólafsson og svo eru árviss verkefni fyrir SOS barnaþorp og fleiri.

Þegar leið á haustið var pökkunin öll flutt í laust rými á skrifstofu og unnin það undir stjórn starfsmanna á skrifstofu.

Deildin kemur að Sorpuverkefninu með því að yfirfara tölvubúnað sem kemur í nytjagáma eða er gefin til Fjölsmiðjunnar og er síðan seldur í Góða hirðinum.

Deildin safnar köplum og rafmagnssnúrum og selur til Íslenska gámafélagsins.

Gerð félagsskírteina, auðkenniskorta og vinnustaðaskírteina nokkuð stórt verkefni. Deildin prenar límmiða og fleira fyrir starfsemi Fjölsmiðjunnar.

Umsjón með allri prentvinnu hefur Guðmundur Hrafnkelsson deildarstjóri trésmíðadeildar.

Samvinna tölvudeildar og rafdeildar eykst stöðugt, nú eru rifnar tölvur á báðum deildum og ýmis önnur verkefni sem unnin eru á báðum deildum.

Umsjónarmaður Þorleifur Guðjónsson

Handverksdeild:

Deildininni var lokað í byrjun júní þegar deildarstjóri fór í veikindaleyfi og lét síðan af störfum.

Vonir stóðu til að opna deildina aftur á haustmánuðum en ýmislega varð til þess að svo varð ekki.

Handverksdeildin er mikilvæg fyrir starfsemi Fjölsmiðjunnar og gefur möguleika á fjölbreytni í starfinu. Stefnt er að opnun aftur sem fyrst á árinu 2017.

Rafdeild:

Rafdeildin er samstarfsverkefni Efnamóttöku, Sorpu og Góða hirðisins. Deildin fer yfir öll rafmagnstæki sem gefin eru í nytjagáma Sorpu, lagfærir það sem hægt er án tilkostnaðar og hendir því sem er í ólagi. Tækin eru merkt sem yfirfarin og seld í Góða hirðinum.

Samstarf við Efnamóttökuna felst í að taka sundur tölvur, sem á að farga. Tölvurnar eru rifnar skv. reglum um förgun, harði diskurinn er eyðilegður, grænu plöturnar sendar úr landi til endurvinnslu og rest fer í endurvinnslu í Furu.

Þann tíma sem Fjölsmiðjan er lokað vegna sumarleyfa setja starsmenn Sorpu og Endurvinnslunnar rafvörur og tölvur bæði í gám við Fjölsmiðjuna og einnig inn á rafdeild og tölvudeild. Eins og fyrra ár var allt yfirfullt af raftækjum og tölvum að loknu sumarleyfi og þá var aftur brugðið á það ráð að fá bíldeild, tölvudeild og trésmíði í lið með rafdeildinni. Fyrstu þrjár vikurnar voru allir nemar og starfmenn þessara deilda að rífa tölvur. Einungis veitingadeildin sinnti sínum verkum óbreyttum.

Samstarf við Efnamóttökuna og Sorpu er með miklum ágætum.

Umsjónarmaður er Jóhann Einar Jakobsson.

Ráðgjöf og kennsla:

Ráðgjöf:

Umsjónarmaður aðstoðar nema við að sækja um vinnu eða skóla og skipuleggja nám sitt. Þá fá nemar ýmis konar ráðgjöf, geta tekið áhugasviðspróf, fyllt úr starfsferilskrár og fengið stuðning við það sem þeir eru að vinna að hverju sinni. Eins veitir ráðgjafi nemum persónulega ráðgjöf.

Námsflokkar Reykjavíkur bjóða nú upp á fornám fyrir framhaldsskóla. Nemar í Fjölsmiðjunni hafa sótt þessi námskeið og það hefur gefist vel. Góð samvinna er á milli þessara stofnana og vonandi verðu framhald þar á.

Nemum í Fjölsmiðjunni stendur til boða að taka 1-3 áfanga samhliða starfi. Fer það þannig fram að umsjónarmaður ráðgjafar fer með nemanum í gegnum það hvaða áfanga sé best að taka og hvaða áfanga þeir séu búnir með. Oft er þetta gert í samvinnu við náms- og starfssráðgjafa í viðkomandi skóla. Sumir nemar eru að byrja aftur þar sem frá var horfið en sumir nemanna hafa aldrei farið í framhaldsskóla og jafnvel ekki lokið grunnskólaprófi.

Á vorönn 2016 voru 5 nemar í skóla samhliða starfi, 5 stúlkur og 1 drengur. Á haustönn var fjöldinn 3 nemar 2 drengir og 1 stúlka.

Það er stórt skref að hefja nám að ný, sérstaklega þegar minningar frá fyrri skólagöngu eru ekki góðar og valda jafnvel vanlíðan hjá nemunum. Þeir nemar sem fara í skóla samhliða starfi í Fjölsmiðjunni eiga mikið hrós skilið fyrir dugnað og áræðni.

Í dag gefst nemendum sem eru að ljúka 10. bekk kostur á að sækja um í Fjölsmiðjuna í gegnum menntagátt sem er sameiginlegur vefur fyrir allt nám á framhaldsskólalastigi.

Sú nýjung sem Fjölsmiðjan er að vinna að ásamt Menntamálaráðuneytinu er að gefa nemum Fjölsmiðjunnar kost á því að fá starf sitt metið til feininga allt að 30 feiningum. Er það hugsað þannig að náminu verði skipt í 3 áfanga sem hvor um sig gefa 10 feiningar. Áfangalýsingarnar eru misjafnar eftir hverri deild fyrir sig fyrir utan fyrsta áfanga sem er eins á öllum deildum, einhversskonar lífsleikni. Einnig er hugmyndin

að bjóða upp á valgreinar sem felst þá í þátttöku á örnámskeiðum sem Fjölsmiðjan býður uppá. Vonandi kemst þessi samvinna á milli Fjölsmiðju og Menntamálaráðuneytisins á sem fyrst en EKKERT hefur þokast í þeim málum á síðasta ári. Er þetta orðin ansi löng meðganga eða alls 4 ár. Umræður um þessa samvinnu hófust 2013.

Hugsunin á bak við þetta einingarkerfi er sú að nemunum okkar sem taka þátt geti farið með slíkar einingar með sér í Framhaldsskóla og fengið þær metnar þar.

Umsjónarmaður : Sólveig Þrúður Þorvaldsdóttir

Skýrsla kennara

Greinargerð vegna ársskýrslu Fjölsmiðjunnar fyrir 2016-17 Með vísan í greinargerð með ársskýrslu 2016 hefur starf mitt hér í Fjölsmiðjunni þróast að mestu leyti með þeim hætti sem stefnt var að og lýst var í þeirri skýrslu. (Sem er merkt hér sem fylgiskjal1) Þess utan hafa ýmsar breytingar átt sér stað með því að einstaklingar hafa horfið til annarra verkefna og úrræða en aðrir komið í staðinn.

Í vetur kom hingað heyfihamlaður piltur, sem hefur mikinn og einlægan tónlistaráhuga. Hann getur unnið ýmis létt störf í eldhúsi á morgnana en svo kemur til mín daglega til að vinna að tónlistarsköpun sem fer að mestu leyti fram í tónlistartölvuforriti (FL studios) sem er mikið notað af raftónlistarmönnum. Pilturinn er afar leikinn í notkun forritsins og ég er að vinna að því með honum m.a. að gera tónlist undir kynningarmyndband sem er í vinnslu hér í Fjölsmiðjunni. Hann stefnir að því leynt og ljóst að koma sér að sem DJ. Ég er að vinna í því að gefa honum tækifæri til að fylgjast með einum slíkum svo hann fái innsýn í þann heim. (Sem hann hefur reyndar kynnt sér mjög vel í gegnum Youtube um leið og hann hefur kynnt þann heim fyrir mér líka.) Ég hef þegar sett mig í samband við einn DJ hérlendis og vonast til að það gangi eftir. Aðrir einstaklingar hafa einnig verið eyrnamerkir mér að undanfögnu. Um er að ræða nokkra pilta af erlendu bergi brotna. Þar af tvo flóttamenn, annan frá Afganistan og hinn frá Kúrdistan sem sækja hjá mér íslenskukennslu meðfram öðrum störfum hér í Fjölsmiðjunni. Auk þeirra er ég með

einn frá Thailandi og tvo frá Póllandi sem einnig fá íslenskukennslu hjá mér tvisvar í viku hvor.

Auk þessa býð nokkrum áhugasömum nemum upp á reglubundna tónlistarkennslu. Einn kemur til mín í gítartíma tvisvar í viku og annar í söngtíma tvisvar í viku. Fleiri hafa óskað eftir því að fá að komast að í tónlistartímum og reyni ég af fremsta megni að verða við því eins og tími og aðstæður leyfa. Menntun mín, reynsla og þekking hefur nýst nokkuð vel hér í Fjölsmiðjunni að mínu viti og vonandi ekki loku fyrir það skotið að hægt verði í framtíðinni að þróa frekara listrænt starf hér til að efla sterkari sjálfsvitund og virkja þann sköpunarkraft sem býr í mörgum þeim einstaklingum sem hingað sækja. Það mundi samrýmast þeim hugmyndum sem ég hef um að byggja upp ungt fólk og hvetja það til dáða, hvort heldur það vill halda áfram námi eða hasla sér völl úti á hinum almenna vinnumarkaði. Í fyrravor var haldið til Danmerkur með fjóra nema Fjölsmiðjunnar ásamt mér og Tómsundarfræðingi. Ferðin var farin fyrir tilstyrk Evrópu unga fólksins. (Erasmus+) Markmiðið var að kynnast starfi hinna svokölluðu „produksjónskole“ í Kaupmannahöfn og Óðinsvéum. Ferðin tókst í alla staði mjög vel. Við vorum auðfúsugestir alls staðar og afar uppörvandi að kynnast því hvernig Danir vinna með það unga fólk sem sækir þessa skóla þar. Fjölsmiðjan á sér fyrirmynd í þessum dönsku produksjónsskoler þar sem lagt er upp með lærdóm í gegnum framkvæmd. Sumpart mætti hjá okkur leggja meiri áherslu á lærdóminn en það eitt að vinna og skapa tekjur. Það gæti verið markmið fyrir framtíðina.

Virðingarfyllst Valgeir Skagfjörð

Greinargerð vegna ársskýrslu Fjölsmiðjunnar 2016.

Með vísan í fyrri greinargerðir mínar þá hef ég haldið áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið í mínu starfi frá því ég hóf hér störf árið 2015. Ungu fólki kemur og fer eins og gengur en nú um stundir er ég að vinna með pilt á einhverfurófi sem ég fylgi á meðan hann er við ýmis störf í Fjölsmiðjunni. Ég fer með hann á aðrar deildir, en þó meira í eldhúsinu en á öðrum deildum þar sem hann finnur sig vel í því. Um áðurnefndan einstakling sem glímir við hreyfihömlun (Sjá fylgiskjal) hef ég haldið áfram að vinna í tónlist með honum ásamt því að hann vinnur hluta úr degi í eldhúsi. Einnig hef bætt við mig einum nýjum einstaklingi í tónlistartíma. Ég held áfram með pólskan piltinn í íslenskutímum sem hefur verið hjá okkur frá 2015. Nokkrir nýir hafa

komið til starfa hjá Fjölsmiðjunni þetta haustið og einhverjir hafa óskað eftir því að fá að spreyta sig í tónlist og mun ég sinna því eftir megni. Starfið hefur gengið vel og má segja algjörlega snurðulaust. Að lokinni stefnumótunarvinnu starfsmanna og stjórnar s.l. vor mátti skynja að vonast væri eftir því að Fjölsmiðjan gæti bætt við sig deildum í framtíðinni. T.d. að hægt væri að vísa þeim sem hingað koma í átt að listrænu starfi svo sem eins og leiklist, tónlist, grafískri hönnun, og skapa jafnvel samstarfsvettvang milli deilda svo hægt yrði að samhæfa einhver verkefni innanhúss sem ekki endilega væru til þess fallin að skapa tekjur, en sá lærdómur sem af slíku samstarfi hlytist yrði niðurstaðan. Þannig hefðu allir fengið tækifæri til að nýta styrkleika sína í eitthvað skapandi og finna þannig til sín. Slíkt mundi ýta undir innri gildi eins og ábyrgð, færni, samvinnu, tillitssemi, framtak, hjálpssemi og bara gleði almennt yfir því að vera að stefna að sameiginlegum markmiðum. En það mun skýrast í fyllingu tímans. Ég hef fengið að verða þeirrar gæfu aðnjótandi að verða vitni að því að krakkar sem koma hingað í kvíða, angist og vanlíðan, ráðvillt og með ýmiss konar greiningar ná því að verða upplitsdjarfir og glaðir einstaklingar sem ná sér á strik með því eindaldlega að vera í virkni hér í Fjölsmiðjunni og njóta þess sem hér er í boði.

Virðingarfyllst Valgeir Skagfjörð

Félagsstarf:

Hvalaskoðunin Elding bauð nemum og starfsmönnum Fjölsmiðjunnar í hvalaskoðun í júní. Siglt var um sundin blá í blíðskaparveðri, hvalir voru því miður ekki mikið að sýna sig en sjóferðin var skemmtileg. Að lokinni siglingu bauð Magnús á Texasborgurum til veislu og allir fóru saddir og sáttir heim. Elding og Texasborgarar fá þakkir fyrir.

Páskabingó var undir stjórn tólstundafulltrúa síðasta dag fyrir páskafri.

Í júní var fóru namar og starfsmenn í golf, þar gafst tækifæri til að kynna sér íþróttina part úr degi. Vonandi að svona veki áhuga einhverra.


Eins og hefð er orðin var grillað síðasta vinnudag fyrir sumarfrí.

Litlu jólin voru með hefðbundnu sniði, hangikjöt og meðlæti. Að þessu sinni tóku 3 nemar þátt í að skemmta á litlu jólnum, með söng við undirleik Valgeirs Skagfjörð sem hafði undirbúið þau vel.

Nemar:


Fjölsmiðjan er ætluð fólki á aldrinum 16-24 ára. Á árinu 2016 voru alls 85 nemar skráðir í Fjölsmiðjuna. Í júlí voru fæstir nemar eða 29 en 42 þegar flestir voru í mars og apríl. Í árslok voru 35 nemar í Fjölsmiðjunni.

Skipting nema eftir mánuðum og kyni



Sem fyrr eru piltar í meirihluta og þarna má sjá að stúlkum fækkar umtalsvert eftir að handverksdeildin lokaði um mitt árið. Meðaltími nema í Fjölsmiðjunni voru rúlega 5 mánuðir.

Afdrif nema



Afdrif nema sem hættu vinnu á árinu 2016 eru á þann veg að 21 nemi fór í vinnu á almennum markaði, 6 fóru í skóla, 4 fóru í meðferð og komu ekki aftur í Fjölsmiðjuna. 5 nemar fóru í sértæk úrræði og 1 á örorku. Þá standa eftir 13 einstaklingar sem hættu í Fjölsmiðjunni án þess að ná markmiðum sínum. Fyrir því liggja ýsmar ástæður en flestir hættu vegna veikinda, þar vegur þungt kvíði þunglyndi og vanlíðan af ýmsu tagi.

Með árunum hefur andleg og félagsleg vanlíðan sífelld aukist og í Fjölsmiðjuna koma margir einstaklingar með fjölþætt vandamál af þeim sökum. Nú er orðið svo að neysluvandinn er minna áberandi en var í byrjun en almenn vanlíðan er stærra viðfangsefni.

Margir náðu markmiðum sínum og því ber að fagna. Í Fjölsmiðjuna koma oft einstaklingar með lítið sjáfstraust í upphafi en fara héðan sem sterkir einstaklingar í vinnu eða skóla. Best gengur þegar allir geta unnið saman, fjölskylda, skóli og meðferðaraðilar svo eitthvað sé nefnt.

Aðstæður nemanna eru mjög misjafnar, frá því að búa við bestu aðstæður hjá foreldrum, í að vera algjörlega á eigin vegum í lífinu. Margir nemar eiga slæmar minningar úr grunnskóla, til dæmis vegna eineltis og námsörðugleika. Það er mikill sigur að fá nema til að vilja fara aftur í skóla og sérstaklega ef þeim getur liðið vel í skólanum. Samstarf við þá framhaldsskóla sem nemarnir sækja gengur undantekningalaust vel og skólarir mjög viljugir að koma til móts við þarfir nema Fjölsmiðjunnar, sem í byrjun náms geta verið af ýmsum toga.

Til að fá vinnu í Fjölsmiðjunni þurfa nemar að sækja skriflega um. Þeir sem sækja um þurfa að vera í sambandi við Félagsþjónustu eða Vinnumálastofnun vegna launa. Fjölsmiðjan er í góðu samstarfi við félagsþjónustur sveitafélaganna og aðra sem vinna að málefnum unglunga.

Nemar fá greitt fyrir vinnu sína skv. aldri og ástundun.


Greitt er hálfsmánaðarlega frá Fjölsmiðjunni og innheimt til baka frá sveitafélögum og Vinnumálastofnun.

Afdrif nema í Fjölsmiðjunni

Samantekt 2002-2016

Júlí 2002-júlí 2003

Vinna 34%/skóli 19% (Samtals 53%)



Vinna 14


Skóli 8

Önnur úrræði 11

Náðu ekki markmiði 8

Haustönn 2003

Vinna 29%/skóli 41% (Samtals 70%)



Vinna 5


Skóli 7

Önnur úrræði 3

Náðu ekki markmiðum 2

2004

Vinna 39%/skóli 19% (Samtals 58%)



Vinna 23

Skóli 11


Ekki erindi 11

Náðu ekki markmiði 5

Annað 9

2005


Vinna 57%/skóli 20% (Samtals 77%)



Vinna 25
Skóli 9
Ekki erindi 5
Náðu ekki markmiðum 3
Sérúrræði 2

2006


Vinna 65%/skóli 4% (Samtals 69%)



Vinna 31
Skóli 2
Náðu ekki markmiði 6
annað 4

2007


Vinna 48%/skóli 20% (Samtals 68%)



Vinna 27
Skóli 11
Náðu ekki markmiði 6
Ekki erindi 4
Annað 8

2008


Vinna 39%/skóli 26% (Samtals 65%)



Vinna 26
Skóli 17
Náði ekki markmiði 9
Ekki erindi 7
Annað 7

2009


Vinna 11%/skóli 32% (Samtals 43%)



Vinna 9
Skóli 17
Náði ekki markmiði 7
Ekki erindi 3
Meðferð 6
Annað 11

2010


Vinna 18%/skóli 22% (Samtals 40%)



vinna 11
skóli 13
Náði ekki markmiði 11
Örorka 6
Annað 23

2011


Vinna 39%/skóli 12% (Samtals 51%)



Vinna 30
Skóli 9
Náði ekki markmiði 13
Ekki erindi 7
Fæðingarorlof 5
Annað 13

2012


Vinna 28%/skóli 11% (Samtals 39%)



Vinna 20
Skóli 8
Náðu ekki markmiðum 14
Meðferð 8
Örorka 1
Annað 22

2013

Vinna 30%/skóli 21% (Samtals 51%)




Vinna 25
Skóli 17
Örorka 3
Fæðingarorlof 5
Meðferð 7
Annað 26

2014

Engin Ársskýrsla var gerð þetta ár.

2015


Vinna 40%/skóli 11% (Samtals 51%)



Skóli 8
Ekki erindi 17
Meðferð 1
Fæðingarorlof 2
Örorka 5
Annað 10

2016

Vinna 42%/skóli 12% (Samtals 54%)



Vinna 21
Skóli 6
Meðferð 4
Sérúrræði 5
Örorka 1
Annað 13



Reykjavík 28. september 2017

Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Efni: Tillaga að hækkun þjálfunarstyrkja nema hjá Fjölsmiðjunni

Í þjónustusamningi aðila Fjölsmiðjunnar er kveðið á um í 4.1. grein að í september ár hvert verði þjálfunarstyrkur nema ákvarðaður fyrir næsta ár af sveitarfélögum sem aðild eiga að samningnum. Einnig skuli tekin sameiginleg ákvörðun um jólabónus og aðra launaliði til að gæta jafnræðis.

Lagt er til að við árlega endurskoðun verði tekið mið af kjarasamningi Eflingar við Samband íslenskra sveitarfélaga. Þetta verði til að einfalda ákvörðun upphæðar á milli ára á samningstíma og að þjálfunarstyrkir fylgi almennum launahækkunum. Forstöðumanni Fjölsmiðjunnar verði falið að fylgja eftir hækkunum í samræmi við samþykktar forsendur.

Lagt er til að þjálfunarstyrkir nema verði hlutfall launa af launaflokki 115 skv. kjarasamningi Eflingar við Samband íslenskra sveitarfélaga.

- Nemar á aldrinum 16 – 17 ára fái greitt sem nemur 55% hlutfalli launa.
- Nemar sem eru 18 ára og eldri fái greitt sem nemur 75% hlutfalli launa.

Þjálfunarstyrkur miðað við forsendur tillögunnar yrðu:

- Fyrir 16 og 17 ára , 131.635 kr. á mánuði
- Fyrir 18 ára og eldri 179.502 kr. á mánuði.

Hækkunin hjá 16 og 17 ára nemur rúmum 47.600 kr. á mánuði eða 57%

Hækkunin hjá 18 ára og eldri nemur rúmum 58.200 kr. á mánuði eða 48%.

Með vinsemd,

Elín Oddný Sigurðardóttir, Stjórnarformaður Fjölsmiðjunnar

Meðfylgjandi:

Greinargerð með útreikningum sem Reykjavíkurborg vann fyrir stjórnarformann Fjölsmiðjunnar.

